

Sjálfsmatsskýrsla Menntaskólans á Ísafirði 2007-2008

Inngangur

Í Menntaskólanum á Ísafirði hefur verið starfandi sjálfsmatsnefnd til margra ára en sjálfsmatsnefnd var fyrst komið á laggirnar 13. október 1997 í kjölfar nýrra laga um framhaldsskóla nr. 80/1996. Í þeim lögum komu í fyrsta skipti fram ákvæði um sjálfsmat skóla. Samkvæmt lögnum þarf hver skóli að útfæra sínar sjálfsmatsaðferðir. Sjálfsmatinu er ætlað að meta hvort markmið skólans hafi náðst, benda á það sem vel er gert sem og finna leiðir til þess að laga það sem betur má fara og þannig er tilgangurinn með sjálfsmati fyrst og fremst sá að bæta og efla skólastarfið.

Sjálfsmatsnefnd fer með innra mat skólans. Sjálfsmati skólans er ætlað að ná til helstu þátta skólastarfsins; kennslu, stjórnunar og rekstrarþátta, samskipta innan skólans, stoðþjónustu og við aðila utan skólans sem honum tengjast. Niðurstöður matsins eiga að verða jafnharðan leiðbeinandi um umbætur í skólastarfinu og samskiptum og samstarfi starfsmanna skólans, nemenda og annarra sem skólastarfsemin varðar.

Menntamálaráðuneytið hefur séðu um ytra mat Menntaskólans á Ísafirði. Úttektir hafa verið gerðar á vegum ráðuneytis árin 2000 og 2006. Nú síðast lét Menntamálaráðuneytið taka út sjálfsmatsaðferðir Menntaskólans á Ísafirði veturinn 2007-2008 og skilaði nefndin skýrslu til skólans 18. apríl 2008.

Starf sjálfsmatsnefndar veturinn 2007-2008

Sjálfsmatsnefnd Menntaskólans á Ísafirði skólaárið 2007-2008 var skipuð Jóni Reyni Sigurvinsyni, skólameistara, Hildi Halldórsdóttur, aðstoðarskólameistara og Rúnari Helga Haraldssyni, sviðstjóra félagsgreina. Sjálfsmatsnefnd fundaði einu sinni í mánuði frá janúar – apríl 2008 á kennslutíma skólans og nefndarmenn skiptu með sér verkum milli funda.

Markmiðið sjálfsmatsnefndar fyrir árið 2007-2008

- Að framkvæma könnun um hagi nemenda og reynslu af námskjá og dreifnámi í 1. viku apríl 2008. **(Stóðst)**
- Könnun á mati nemenda á stjórnun og stoðþjónustu skólans **(stóðst)**.
- Endurskoða sjálfsmatsáætlun skólans **(stóðst)**.
- Vinna að Starfsmannahandbók (Starfsmannahandbók var gefin út síðast 2006. Endurskoðun er ekki lokið).
- Könnun meðal starfsmanna og stjórnenda um starfsumhverfi og þörf á endurmenntun **(stóðst)**.

Ytra mat.

Þann 30. janúar 2008 lenti MÍ í úrtaki Menntamálaráðuneytis á stöðu sjálfsmats við skólann. Sjálfsmatsnefnd MÍ einbeitti sér að gagnasöfnun fyrir ráðuneytisnefndina á vormánuðum en frekari vinna við sjálfsmatsáætlun skólans fór í bið.

Eftirfarandi gögnum var safnað fyrir úttektina:

- Skýrslu um innritun og námsframboð.
- Áætlun um námsframboð og mannaflaáætlun til 2010.
- Skýrslu um Námskjáinn.
- Samantekt um úrslit prófa.
- Skýrslu þróunarverkefnisins „Nú er lag“.
- Kennslukönnun fyrir vorönn 2007.
- Endurskoðuð sjálfsmatsáætlun 2006-2009.
- Starfsmannahandbók.
- Fjarvistaskráning starfsmanna.

Niðurstaða úttektar.

Niðurstaða úttektar Menntamálaráðuneytis um sjálfsmatsaðferðir skólans voru kynntar fyrir sjálfsmatsnefnd MÍ þann 18. apríl 2008. Þar kemur fram á skólinn uppfylli að hluta til viðmið ráðuneytis um sjálfsmatsaðferðir. Það sem vantaði er:

- hnitmiðuð lýsingu á starfsemi skólans með tengsl við markmiðsetningu (í vinnslu)
- auka þyrfti aðkomu foreldra að sjálfsmatinu (áætluð könnun á vorönn 2010)
- skila þurfi sjálfsmatsskýrslu (tilbúin).

Sjálfsmat MÍ 2007-2009

Vinna hófst að nýju við skólanámskrágerðina á haustdögum 2008 og í tengslum við þessa vinnu var unnið með kennurum og skólanefnd að ýmsum málefnum skólans á sérstökum vinnufundum. Ákveðið var að bjóða upp á námskrárvinnu á óhefðbundnum dögum Sólrísu fyrir alla nemendur og kennara. Til þess voru notaðir þrjú skóladagar: miðvikudagur 4. mars, fimmtudagur 5. mars og niðurstöðum var svo skilað á Sal föstudaginn 6. mars.

Skipulagt starf fyrir nemendur og kennara á óhefðbundnum dögum í Sólrísuvíku fólst í að vinna í rýnihópum um ákveðin málefni er tengjast skólastarfinu. Markmiðið var að finna styrkleika og veikleika skólans. Góðar umræður urðu um mörg málefna sem sýnir að nemendur og kennarar hafa margar góðar hugmyndir um skólann sinn og er annt um orðspor hans. Námskrárstjóri flutti niðurstöður munnlega á Sal föstudaginn 6. mars og skilaði svo skýrslu um niðurstöður rýnihópa í júní 2009.

Helstu niðurstöður rýnihópa

Um styrkleika og veikleika skólans og framtíðarsýn á Sólrísu 2009:

Námið.

Spurt var um æskilegt fyrirkomulag náms við skólann. Almennt er talið að nemendur ættu að geta lokið heimavinnu á skólatíma ef þess er einhver kostur.

- Unnið er nú að því í samvinnu við samstarfsskóla¹ MÍ að í framtíðinni verði boðið upp á nám í skólunum sem er blanda af kennslu og sjálfstæðri vinnu

¹ VÍSASAUÐNES Samstarf MÍ, FNV, VA og FV

nemenda á vinnustofum þar sem þeir hafi aðgang að kennurum til stuðnings við námið.

Námsframboð skólans.

Allmargir voru ánægðir með námsframboð skólans en það komu einnig fram tillögur um fjölmargar námsbrautir. Þær þrjár brautir sem voru oftast nefndar:

- Lista- eða hönnunarbraut,
- Tungumálabraut,
- Tölvubraut (hugbúnaður/forritun).

Fartölvuvæðing skólans.

Flestir virtust sammála um að fartölvuvæðingin væri til bóta. Nemendur og kennarar telja mikla möguleika búa í tölvuvæðingunni. Margir nemendur höfðu þó áhyggjur af því að ráða ekki við frelsið og það þyrfti að hafa meira eftirlit af hálfu kennara eða jafnvel loka á einhverjar síður. Nemendum og kennurum finnst nauðsynlegt að setja upp eftirlitsforrit svo að kennari geti gefið nemendum aðhald með eftirliti.

- Kennarar hafa fengið markvissa kennslu á námsumhverfið Moodle í haust.
- Sérstaklega rætt um bekkjarstjórnun og að kennarinn gefi fyrirmæli um notkun fartölvunnar í tímum.
- Opin kerfi komu í heimsókn og ræddu við nemendur og kennara.
- Eftirlitsforritið Synchron Eyes er því miður enn ekki orðið virkt og er unnið að þeim málum í tengslum við Opin kerfi.
- Kennslukönnun mun fara fram í nóvember þar sem innleiðing. fartölvuvæðingar og – notkunar tölvunnar verður skoðuð sérstaklega.

Skrifstofa og upplýsingar til nemenda.

Margar ábendingar komu fram um skrifstofu skólans og upplýsingagjöf til nemenda. Bent var á að misvísandi upplýsingar væru gefnar innan skólans og gagnrýnt að ósamræmi sé á milli upplýsinga frá skrifstofu og frá stjórnendum og kennurum.

- Ákveðið að skerpa á boðleiðum innan skólans.
- Námskeið verði í boði um símsvörun fyrir ritara.
- Nota skal betur tilkynningaskjáinn.

Stjórnun skólans.

Allnokkrar ábendingar komu fram um agaleysi og of mikla undanlátsemi við nemendur. Einnig var kvartað yfir ofstjórnun skólameistara/stjórnenda og beðið um meira lýðræði við ákvarðanatöku t.d. við busun og við gerð skólareglna. Í umræðum á Sal var einnig rætt um að fá hugmyndakassa fyrir nemendur sem staðsettur yrði í salnum/anddyrinu:

- Unnið með nemendum að busun og árlegu skemmtanahaldi.
- Skólameistari hélt almennan fund með nemendum og kennurum í byrjun skólaárs.

- Skólasóknarreglur endurskoðaðar.
- Unnið að tillögum að hugmyndakassa fyrir nemendur.

Heimasíðan.

Nemendur vilja betri uppfærslu á heimasíðu skólans. Ósk kom um að forföll kennara yrðu sett inn á heimasíðuna í byrjun dags.

- Unnið er nú að nýrri heimasíðu skólans og þá skapast betra aðgengi fleiri aðila að heimasíðunni svo auðveldara verður að uppfæra hana.

Stoðþjónustan.

Nemendur almennt ánægðir með stoðþjónustuna en telja að umsjón eigi aðeins að vera til 18 ára aldurs. Fram kom að bæta mætti stuðning við nemendur með dyslexiu og að kynningar á háskólanámi ætti að auka.

- Alhliða náms- og umsjónaráætlun skólans sem sett var fram fyrst árið 2000 og endurskoðuð árið 2006 er nú í endurskoðun.
- Skoða stuðning við nemendur/stoðkennslu.

Reglur skólans.

Allsterkar skoðanir um að fá meiri festu í skólastarfið og að reglum sé betur fylgt eftir.

- Skólasóknarreglur endurskoðaðar og mætingarreglum breytt.
- Alhliða náms- og umsjónaráætlun skólans er í endurskoðun.

Lífsleiknin.

Almennt má segja að nemendur vilji ræða meira um fjármál, næringarfræði, kynfræðslu og fá forvarnir án áróðurs. Nemendur vilja frekar fá fræðslu en að horfa inn á við og skoða sjálfan sig.

- LKN 103 var endurskoðuð á vorönn 2009. Nú kenna fjórir kennarar áfangann og þar er meiri og fjölbreyttari fræðsla.
- Forvarnarteymi skólans sem í sitja: stjórnendur, námsráðgjafar og félagsmálafulltrúi lagði fram forvarnaráætlun.
- Forvarnir að mestu fluttar inn í lífsleiknina.
- Nýnemaferð undir stjórn lífsleiknikennara var farin í haust að Núpi.

Íþróttir.

Nemendur vildu almennt gera breytingar á íþróttum og fá meiri almenna heilsurækt. Íþróttakademían fékk gagnrýni.

- Farið var í breytingar á íþróttatímum og nemendur fá nú að velja sér íþróttatíma eftir áhugasviði utan nýnema sem fara allir í hefðbundinn íþróttatíma.
- Unnið er að úttekt á Íþróttakademíunni.

Frjálsa valið.

Flest vilja þau sjá fjölbreyttara val og meira val um verklega áfanga á bóknámsbrautum.

- Skoða þarf fjölbreyttara val við skólann.
- Nemendur geta valið í frjálsa valið alla áfanga skólans ef þeir komast í töflu.
- Leiklist er ríkur partur af skólanum og nú eru í boði leiklistaráfangar bæði haust og vor. Kór verður í boði á vorönn.

Félagslífið.

Almennt komu fram jákvæðar umsagnir um félagslífið en einnig nokkur gagnrýni. Bent var á að nemendafélagstjórn ætti að hafa oftar kynningar á Sal eða eitthvað skemmtiefni í fimmtudagsfundum. Umræða um að það vantaði heildarplan fyrir önnina með dagsetningum. Kynna mætti Sólrísuna betur fyrir nemendum t.d. í tímum. Kvartað var undan því að „klúbbastarfsemi“ væri ekki við skólann. Lögð var áhersla á að halda í hefðir skólans s.s. busun og óvissuferð.

- Starf félagsmálafulltrúa endurskoðað og fléttað inn í lífsleiknina.
- Unnið með nemendastjórn að heildarskipulagi fyrir önnina
- Busun sett í ákveðinn farveg í samvinnu nemendafélagsstjórnar og stjórnenda.
- Nemendafélagsstjórn falið það verkefni að endurvekja „klúbbastarfsemi“ NMÍ.

Gildi skólans.

Á starfsdögum á haustönn 2009 unnu kennarar og hópur nemenda að gildum skólans. **Gildi skólans verði eftirfarandi: Virðing, víðsýni, metnaður og árangur.**

- Gildi skólans hefur verið gerð sýnileg með myndrænum hætti á nýja heimasíðu skólans misa.is.
- Gildi skólans verða notuð við markmiðssetningu.

Starf sjálfsmatsnefndar veturinn 2009-2010

Sjálfsmatsnefnd hóf störf á haustönn 2009 þann 28. september. Í nefndinni eru eins og áður Jón Reynir Sigurvinsson, skólameistari, Rúnar Helgi Haraldsson, sviðstjóri félagsgreina og nú bættist í hópinn Guðrún Á. Stefánsdóttir, staðgengill aðstoðarskólameistara en Hildur Halldórsdóttir er í barnsburðarleyfi þessa önn.

Nefndin hittist að jafnaði einu sinni í viku frá 24. september til 15. nóvember 2009.

Út frá niðurstöðum þá er markmið fyrir skólaárið 2009-2010 að bæta sjálfmatsaðferðirnar og skila Menntamálaráðuneytis á sjálfmatsaðferðum Menntaskólans á Ísafirði vorið 2008 skýrslum á réttum tíma.

Niðurstaða úttekt þar sem m.a. kom fram að helst til mikið er lagt undir í sjálfsmati skólans og það vanti að skrifa sjálfsmatsskýrslu.

Nefndin hóf endurskoðun á sjálfsmatsáætlun með athugasemdir ráðuneytis í huga svo og undirbúning kennslukönnunar, auk þess var hafist handa við að skrifa skýrslu sjálfsmatnefndar fyrir sl. ár.

Í sjálfsmatsskýrslu skóla þarf m.a. að vera ítarleg lýsing og greining á markmiðum og starfi skólans. Sjálfsmat skóla á að vera markmiðstengt og þar þarf að draga fram sterkar og veikar hliðar skólans. Megintilgangur sjálfsmats er að gera starfsfólki skólans auðveldara að vinna að framgangi markmiða skólans og svo og meta hvort þessum markmiðum hafi verið náð, endurskoða þau og stuðla að umbótum innan skólans. Þetta á jafnt við um markmið skólans í skólanámskrá svo og markmið og áherslur í lögum, reglugerðum og aðalnámskrám. Sjálfsmatið skapar þannig faglegan grundvöll fyrir umbætur í skólastarfinu. (sjá drög að sjálfsmatáætlun MÍ).

Ísafirði 1. nóvember 2009